



Skilvirk og gagnsæ stjórnsýsla byggingarmála

Eftir Björn Karlsson

Talsverð tímamót verða í innleiðingu rafrænnar stjórnsýslu byggingarmála í landinu þegar tekin verður í notkun rafræn byggingargátt. Unnið hefur verið að gerð gáttarinnar mörg undanfarin ár og standa vonir til þess að hún verði að fullu komin í notkun innan fárra mánaða. Markmið byggingargáttarinnar er að gera stjórnsýslu byggingarmála gagnsæri og skilvirkari og tryggja að gæða- og eftirlitskerfið virki.



Dr. Björn Karlsson

byggingarleyfi til lokaúttektar. Þar verða vistaðar umsóknir og útgefin byggingarleyfi, öll gögn sem leyfin byggjast á, hönnunargögn, teikningar og skoðunarskýrslur. Þar verður að finna lista yfir hönnuði, iðnmeistara og byggingarstjóra með starfsleyfi ásamt reglum um gæðastjórnunarkerfi

byggingarstjóra, hönnuða og iðnmeistara. Þar verða enn fremur skoðunarhandbækur og verklagsreglur faggiltra skoðunarstofa. Lokið hefur verið við gerð smáforrits fyrir snjallsíma sem nýtist skoðunarmönnum þannig að þeir skrá niðurstöður skoðunar með stöðluðum hætti samkvæmt skoðunarhandbókum.

Meðfylgjandi skýringarmynd sýnir helstu þætti rafrænu byggingargáttarinnar. Efst er sýnt hvernig upplýsingakerfi sveitarfélaganna eru tengd inn í mannvirkjaskrá, byggingarleyfaskrá og aðilaskrá. Til vinstri er sýnt hvernig upplýsingakerfi tryggingafélaga tengjast inn í kerfið svo að hægt sé að fylgjast með því að starfsábyrgðartryggingar aðila séu virkar. Neðst má sjá hvernig skoðunarstofur eru tengdar inn í umsýslukerfi Mannvirkjastofnunar sem tryggir að skoðunarskýrslur vistist á réttan hátt inn í kerfið, en þarna er líka tenging við úttektarappið. Til hægri eru svo Mínar síður á vef stofnunarinnar, en allir aðilar geta tengt sig inn í hina


Nýir gagnagrunnar

Gerð gagnagrunna og innleiðing rafrænnar stjórnsýslu er eitt mikilvægasta verkefni Mannvirkjastofnunar þessi misserin og hafa nokkrir mikilvægir áfangasigrar unnist í þeim efnum. Reynsla af notkun rafmagnsöryggisgáttar er góð. Sömu sögu er að segja af Brunaverði, rafrænni gátt fyrir eldvarnaeftirlit. Brunavörður auðveldar mjög störf eldvarnaeftirlitsmanna en í hann eru vistaðar úttektir slökkviliða og þjónustuaðila og gögn sem tengjast þeim. Enn má nefna rafrænar gáttir sem halda utan um vatnsúðakerfi og viðvörunarkerfi. Allar auðvelda þessar gáttir störf eftirlitsaðila og hagsmunaaðila í senn.

Rafræn byggingargátt

Í rafrænu byggingargáttinni verða vistuð öll gögn vegna mannvirkjagerðar, allt frá umsókn um

Rafræn byggingargátt



rafrænu gátt, ýmist til að skoða stöðu verkefna sem þeir hafa aðild að eða til að sækja ýmsa rafræna þjónustu stofnunarinnar, svo sem að sækja um löggildingu eða starfsleyfi.

Skoðunarhandbækur

Eitt af meginverkefnum byggingarsviðs Mannvirkjastofnunar á síðasta ári var að ljúka við gerð skoðunarhandbóka, en áskilið er í lögum um mannvirki að eftirliti með mannvirkjum skuli hagað í

samræmi við ákvæði skoðunarhandbóka. Notkun skoðunarhandbóka mun breyta öllu opinberu eftirliti með mannvirkjagerð í landinu og er meginforsenda þess að samræming þess takist.

Einn megin kostur slíkra handbóka er að eftirlitið verður fyrir sjáanlegt og einsleitt. Opinbert eftirliti með mannvirkjagerð felst bæði í yfirferð hönnunargagna og úttektum á framkvæmdatíma. Skoðunarhandbækur lýsa því hvernig tiltekin atriði sem varða hönnun

» Tímamót verða í innleiðingu rafrænnar stjórnsýslu byggingarmála í landinu þegar tekin verður í notkun rafræn byggingargátt.

mannvirkja eru skoðuð og metin og hvernig áfangauúttektir á byggingarstað fara fram. Skoðunarhandbækur stórauka einnig möguleika hönnuða og framkvæmdaðila til að stunda eigið eftirlit.

Gæðastjórnunarkerfi

Áskilið er í lögum um mannvirki að allir hönnuðir, hönnunarstjórar, byggingarstjórar, iðnmeistarar og byggingarfulltrúar skuli hafa gæðastjórnunarkerfi sem samþykkt er af Mannvirkjastofnun og skráð í rafrænu byggingargáttina. Innleiðing gæðastjórnunarkerfa hefur tekist vel að mati Mannvirkjastofnunar.

Smíði byggingargáttarinnar og tengdra gagnagrunna hefur verið mjög umfangsmikið verkefni. Hið sama má segja um gerð skoðunarhandbóka og innleiðingu gæðastjórnunarkerfa. Prófun gáttarinnar í raunumhverfi er hafin hjá nokkrum sveitarfélögum og búast má við að hún verði tekin í almenna notkun á næstu mánuðum. Það er sannarlega tilhlokkunarefni fyrir okkur sem störfum að mannvirkjamálum.

Höfundur er forstjóri Mannvirkjastofnunar.
bjorn@mvs.is